


Hvernig er virkjun valinn staður?



Verkefni: Elstu vatnsafsvirkjanir voru oft byggðar neðan við fossa. Afhverju heldur þú að það hafi verið? Nú er vatni oft safnað saman í lón og það leitt í göngum að stöðvarhúsi. Af hverju heldur þú að það sé gert?

Til þess að nýta kraftinn sem býr í vatninu er best að velja stað í ánni þar sem fallhæð er sem mest á sem stystri vegalengd. Einnig ræður vatnsmagnið því hve mikla orku er hægt að beisla.

Ýmsar leiðir eru til þess að hafa virkjað fall sem mest.

Stífla í árfarvegi hækkar vatnsborðið ofan við stöðvarhús.

Aðrennslisgöng eða skurðir geta flutt vatn í hárrí stöðu fram að stað þar sem náttúrulegur farvegur árinna liggur neðar. Þannig er reynt að beisla sem mesta fallhæð.

Auka má vatnsmagn í gegnum virkjun með því að veita vatni inn á vatnasviðið ofan hennar og með miðlunarlónum má safna vatni á sumrin og geyma til vetrarins þegar minna vatn er í ánni.